



## Reglur um innheimtu Byggðastofnunar

Tilgangur reglna þessara er að samræma verklag við ríkjandi framkvæmd og að innheimta Byggðastofnunar sé í samræmi við góða innheimtuhætti skv. innheimtulögum nr. 95/2008.

Við gildistöku þessara reglna falla úr gildi reglur Byggðastofnunar um innheimtu og löginheimtu Byggðastofnunar dags. 14. desember 2015 og verklagsreglur um vanskilafundi dags. 2. febrúar 2017.

### 1. gr. Gildissvið, skilgreiningar, ábyrgð o.fl.

Reglur þessar gilda um fruminnheimtu, milliinnheimtu og löginheimtu gjaldfallinna krafna Byggðastofnunar.

Með fruminnheimtu er átt við innheimtuviaðvörðun skv. 2. gr.

Með milliinnheimtu er átt við innheimtuaðgerðir sem hefjast eftir að skuldari hefur fengið innheimtuviaðvörðun skv. 2. gr. og áður en löginheimta hefst.

Með löginheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli 24. gr. a laga um lögmenn nr. 77/1998.

Forstjóri ber ábyrgð á framfylgd þessara reglna. Forstöðumaður rekstrarsviðs ber ábyrgð á frum- og milliinnheimtu. Forstöðumaður lögfræðisviðs ber ábyrgð á löginheimtu og fundum um vanskilamál.

### 2. gr. Fruminnheimta.

Ef greiðsla hefur ekki borist Byggðastofnun á gjalddaga samkvæmt ákvæðum skuldabréfs skal skuldara send innheimtuviaðvörðun í síðasta lagi 20 dögum eftir gjalddaga.

Í innheimtuviaðvörðun skal koma fram viðvörðun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða og áfallins kostnaðar verði krafa eigi greidd innan tíu daga frá sendingu viðvörðunar.

Í innheimtuviaðvörðun skal koma fram:

- a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa eða umboðsmanns hans og innheimtuaðila;
- b. lýsing á kröfu;
- c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtubóknun;
- d. greiðslustaður; og
- e. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

### 3. gr. Milliinnheimta

Hafi skuldari ekki gert upp vanskil skal senda honum ítrekun í síðasta lagi 10 dögum eftir sendingu innheimtuviaðvörðunar skv. 2. gr. (30 dögum eftir gjalddaga).

Bregðist skuldari ekki við ítrekunarbréfi skal fulltrúi á rekstrarsviði eða fyrirtækjasviði fylgja bréfinu eftir með símtali 10 dögum eftir sendingu ítrekunar (40 dögum eftir gjalddaga).

Lokaaðvörðun skal senda skuldara ekki seinna en 30 dögum eftir sendingu ítrekunar (60 dögum eftir gjalddaga).

Í ítrekun og lokaaðvörðun skulu koma fram sömu upplýsingar og í innheimtuviaðvörðun auk þess sem skuldara skal kynntur sá kostnaður sem fallinn er og sem áframhaldandi innheimta hefur í för með sér.



Hafi vanskil varað í 90 daga frá gjalddaga skal lántaka send greiðsluáskorun, enda hafi ekki verið samið um annað og innheimta færast í kjölfarið frá rekstrarsviði yfir á lögfræðisvið með sérstakri merkingu þess efnis í kerfum stofnunarinnar.

Innheimtuviðvörðun, ítrekun og lokaaðvörðun skal senda viðskiptavini sjálfvirkt úr kerfum stofnunarinnar. Sama gildir um greiðsluáskoranir, nema samið hafi verið um annað af forstöðumanni lögfræðisviðs eða það bókað á vanskilafundi skv. 6 gr.

#### 4. gr. Löginheimta

Með löginheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga og markast upphaf hennar við aðgerðir sem byggðar eru á:

- lögum um aðför, nr. 90/1989,
- lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990,
- lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991,
- lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991,
- lögum um gjaldprotaskipti o.fl., nr. 21/1991,
- lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

Lögfræðisvið Byggðastofnunar ber ábyrgð á löginheimtu. Heimilt er að líta til byggðasjónarmiða við ákvarðanir um framgang löginheimtu, veitingu fresta o.þ.h.

Skuldara skal birt greiðsluáskorun sem undanfara nauðungarsölu veðsettrar eignar, sé hún fyrir hendi, eða sem undanfari fjárnáms njóti skuldin ekki veðtryggingar.

Auk útlagðs kostnaðar skal áfallinn innheimtukostnaður reiknaður og innheimtur.

Þegar beiðni um nauðungarsölu veðsettrar eignar hefur verið tekin fyrir hjá viðkomandi sýslumannsembætti er heimilt að fresta byrjun uppboðs gegn greiðslu a.m.k. 10% vanskila.

Geti skuldari ekki greitt inn á vanskil eða samið um greiðslu skuldarinnar með öðrum hætti skal málið sent áfram til lokasölu veðsettrar eignar.

Forstjóri, að fenginni ráðgjöf lögfræðisviðs, tekur ákvörðun um það hvort krafa Byggðastofnunar skuli varin við framhald uppboðs.

#### 5. gr. Kostnaður

Innheimtukostnaður vegna innheimtu gjaldfallinna krafna er í samræmi við gjaldskrá sem stjórn Byggðastofnunar ákveður.

#### 6. gr. Vanskilafundir

Fundi um vanskil skal halda með minnst 45 daga millibili. Þar koma saman forstöðumenn fyrirtækja-, rekstrar- og lögfræðisviðs ásamt þeim öðrum fulltrúum sviðanna sem nauðsynlegir eru hverju sinni. Rita skal fundargerð og vista í skjalavistunarkerfi stofnunarinnar.

Fundurinn ber ábyrgð á því að vanskilamál séu í réttum farvegi, en á honum eru í hvert sinn yfirfarin vanskil viðskiptavina stofnunarinnar sem hafa varað lengur en 65 daga og þar sem frum- og milliinnheimtu er lokið án árangurs. Skal vanskilum raðað á lista eftir aldri þeirra og skulu elstu vanskil tekin fyrir fyrst og ákvarðanir bókaðar um næstu skref löginheimtu í hverju máli fyrir sig.

Hlutverk fundarins er því að meta stöðuna í elstu vanskilum (65 daga og eldri) og hvaða aðgerða er réttast að grípa til í hverju tilfalli fyrir sig með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar um jöfnun tækifæra



allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Þannig verði einnig horft til byggðasjónarmiða við löginheimtuákvæðanir og heimilt að veita fresti vegna sérstakra aðstæðna umfram efni 4. gr. þessara reglna ef við á. Skal í slíkum tilfellum þess gætt að ákvæðanir raski ekki samkeppni og jafnræði viðskiptavina.

Í fundargerð verði bókað hvaða tímafrestur er veittur þar sem það á við, t.d. ef viðauki er sendur, hvenær hann á að vera kominn tilbaka. Þá skal bóka í fundargerð hvort þörf sé á að gera breytingu á varasjóðsframlagi í þeim málum sem komin eru í framhaldsnauðungarsölu. Skulu fundargerðir undirritaðar af fundarmönnum.

Forstöðumaður lögfræðisviðs ber ábyrgð á fundunum og forstöðumaður fyrirtækjasviðs í hans fjarveru. Ekki verði haldinn vanskilafundur nema annar þeirra sé viðstaddur.

### **Samþykkt á fundi stjórnar Byggðastofnunar 3. júní 2022**